

SAMSTARFSSAMNINGUR GARÐABÆJAR OG UMF STJÖRNUNNAR

Garðabær, kt. 570169-6109 og UMF Stjarnan, kt. 611175-0199, gera með sér eftirfarandi samstarfsamning.

1. gr.

Tilgangur og markmið

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila um útfærslu á íþróttastarfi í Garðabæ.

UMF Stjarnan skal hafa það að markmiði í starfsemi sinni að bjóða börnum og unglingum skipulagt íþróttastarf undir leiðsögn vel menntaðra og hæfra leiðbeinenda þar sem lýðheilsa og forvarnargildi íþróttanna er höfð að leiðarljósi. Einnig að hlúa að keppnis- og afreksíþróttafólki þannig að það geti náð sem bestum árangri. Garðabær skal treysta fjárhagslegan rekstrar- og starfsgrundvöll félagsins með samkomulagi um afnot íþróttamannvirkja og beinum fjárframlögum.

2 gr.

Framlög Garðabæjar

Garðabær skal greiða UMF Stjörnunni árleg fjárframlög samkvæmt greiðsluáætlun sem fjármálastjóri Garðabæjar gerir í umboði bæjarstjóra og í samvinnu við framkvæmdastjóra Stjörnunnar. Félagið skal ráðstafa fjárframlögum bæjarins á eftirfarandi hátt til starfsemi sinnar.

Framlag til íþróttaskóla

kr. 2.100.000,-

Framlaginu skal varið til starfsemi íþróttaskóla sem Stjarnan starfrækir á sumrin. Garðabær leggur einnig til vinnu ungmenna sem eru í sumarstarfi hjá Garðabæ en fjöldi þeirra skal skoðaður árlega. Faglegar kröfur til þjálfara/leiðbeinenda eru þær sömu og fram koma í 4. grein.

Framlag til almenns rekstrar

kr. 54.200.000,-

Framlagið skal m.a. nýtt til að greiða hluta af kostnaði við rekstur Stjörnuheimilisins og daglegs rekstrarkostnaðar s.s. launa framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna sem sjá m.a. um rekstur og skipulag barna- og unglingastarfsins.

Framlag til afreksstarfsemi


kr. 56.600.000,-

Framlaginu skal varið til að styðja við grunnrekstur á meistaraflokkum félagsins og stuðla þannig að góðum árangri félagsins í keppni á landsvísu. Afreksíþróttafólk Stjörnunnar skal vera til fyrirmyndar innan vallar sem utan meðan það keppir fyrir hönd félagsins.

Afnot af íþróttamannvirkjum

kr. 87.681.113,-

Um er að ræða afnot af íþróttahúsum og sundlaugum íþróttamiðstöðvanna Ásgarðs, Álftaness, TM-hallarinnar og Sjúlands. Gera skal áætlun um afnot á næsta ári byggða á notkun félagsins árið áður. Óski félagið eftir að breyta sinni áætlun þarf að færa rök fyrir því. Nánari áætlun um niðurröðun æfingatíma sem rúmast skal innan opnunartíma mannvirkjanna, skal unnin í samvinnu við íþróttafulltrúa Garðabæjar. Reiknuð afnot eru miðuð við gjaldskrá íþróttamiðstöðva Garðabæjar.



Framlag til þróunarverkefnis

kr. 10.000.000, -

Þróunarverkefnið er til tveggja ára og skal framlagið vera kr. 10.000.000 árlega. Framlagið skal nýtt til að vinna að verkefnum sem efla enn frekar starfsemi Stjórnunnar þar sem stefna ÍSÍ varðandi fyrirmyndarfélag ÍSÍ er höfð að leiðarljósi. Skal þróunarvinnan m.a. fela í sér að bjóða upp á aukna möguleika fyrir iðkendur Stjórnunar með tilliti til styttri æfingatímabíla og fjölda æfinga þannig minnka megi líkur á brottfalli og auðveldað verði fyrir börn undir 10 ára aldri að stunda fleiri en eina íþrótt. Jafnframt skal Stjarnan láta framkvæma reglulega mælinga- og þjónustukönnun á starfsemi félagsins. Stjarnan skal útfæra nánar þróunarverkefnið og kynna það fyrir ÍTG fyrir lok febrúar. Í kjölfarið skal framkvæmdastjóri Stjórnunnar kynna, á 6 mánaða fresti, fyrir ÍTG framvindu verkefnisins ásamt því að taka saman greinargerð um árangurinn í lok samningstímans.

Fjárhæðir framlaga samkvæmt þessari grein skulu endurskoðaðar fyrir árið 2018 í samræmi við forsendur sem lagðar eru fram við gerð fjárhagsáætlunar Garðabæjar.

Stjarnan skal leggja sig fram um að hækka ekki æfingagjöld umfram vísitölu á samningstímabilinu.

Þjálfarar Stjórnunnar sjá til þess að gengið sé vel um húsnæði og búnað og umgengnisreglur séu virtar. Þeim ber að tilkynna strax um það sem aflaga fer eða þarfnast viðgerðar. Þjálfurum ber að fylla út slysaskýrslur í hverju mannvirki fyrir sig í öllum tilfellum þar sem óhöpp eða slys verða.

Samstarf þjálfara Stjórnunnar og starfsmanna íþróttamannvirkja um klefavörslu í íþróttamannvirkjum er mikilvægt til að sporna við einelti og öðrum árekstrum. Samkomulag um það var gert í desember 2013 og fylgir þessum samningi.

Afnot Stjórnunnar af almenningssundlaugum Garðabæjar er til æfinga hjá Sunddeild Stjórnunnar samkvæmt æfingatöflu. Þar að auki úthlutar íþróttafulltrúi Garðabæjar keppnisíþróttafólki meistaraflokka félagsins tilteknum fjölda ársmiða samkvæmt nafnalistum sem Stjarnan skilar inn fyrir hvern hóp. Markmiðið með þessum sundmiðum er að bæta hvíld og endurheimt íþróttafólksins. Skilyrði er að einstaklingarnir noti persónugerð rafræn aðgangskort sem hver og einn hefur skrifað undir notkunarskilmála fyrir, þegar þeir koma í sund.

Garðabær skal veita Stjórnunni árlegan styrk til greiðslu fasteignagjalda í samræmi við reglur bæjarins um styrki til greiðslu fasteignaskatts.

3. gr.

Samskipti aðila

Aðalstjórn UMF Stjórnunnar annast samræmingu á starfsemi deilda félagsins og skal tryggja að einstakar deildir félagsins beini til aðalstjórnar erindum til Garðabæjar. Garðabær tryggir að erindi sem berast bænum með öðrum hætti en frá aðalstjórn Stjórnunnar verði ekki tekin til umfjöllunar í nafni félagsins.

Íþrótt- og tómsundaráð Garðabæjar kemur fram fh. Garðabæjar varðandi nánari framkvæmd samnings þessa og annast dagleg samskipti við UMF Stjórnuna varðandi framkvæmd samningsins.

Framkvæmdastjóri Stjórnunnar kemur fram fh. Stjórnunnar við Garðabæ varðandi dagleg samskipti og nánari framkvæmd samnings þessa.

4. gr.

Ábyrgð aðalstjórnar UMF Stjórnunnar

Framkvæmdastjóri félagsins í umboði aðalstjórnar skal bera ábyrgð á fjármálastjórn félagsins og tryggja það að bókhald sé reglulega og réttilega fært.

Allir styrkir og framlög Garðabæjar greiðast til aðalstjórnar og annast framkvæmdastjóri frekari ráðstöfun greiðslna í samræmi við samþykkt rekstrar- og fjárhagsáætlun félagsins.

Aðalstjórn UMF Stjórnunnar ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins og tryggir að skuldbindingar deilda félagsins séu í samræmi við áætlanir og samþykktir aðalstjórnar.

Skuldbindingar sem einstaka deildir gera án heimildar eða samþykktar aðalstjórnar eru á ábyrgð þeirra sem til þeirra stofna.

Aðalstjórn UMF Stjórnunnar ber ábyrgð á að félagið og allar deildir félagsins uppfylli skilyrði reglna til að teljast fyrirmyndarfélag ÍSÍ og starfi samkvæmt þeim markmiðum sem um slík félög gilda.

Garðabær gerir þær kröfur að leiðbeinendur/þjálfarar séu með tilskilda þekkingu eða menntun í þeirri íþróttagrein sem stunduð er. Leiðbeinendur og þjálfarar þurfa að undirrita ráðningarsamning við félagið þar sem fram koma skyldur þeirra um að fylgja starfsreglum félagsins og vera til fyrirmyndar í stundvísi, framkomu og annan hátt er að íþróttinni lýtur. Allir sem að starfi með æskufólki á vegum félagsins koma þurfa að uppfylla skilyrði æskulýðslaga um hreint sakavottorð.

Félagið skal við framkvæmd samningsins huga sérstaklega að því að mæta þörfum barna og ungmenna með fatlanir í samræmi við stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks. Jafnframt skal félagið taka mið af jafnréttisáætlun Garðabæjar og skipuleggja starf sitt með þarfir og hagsmuni beggja kynja í huga.

Félaginu ber einnig að taka tillit til forvarnarstefnu Garðabæjar við skipulag starfsemi sinnar og framkvæmd viðburða.

Stjarnan skal setja upp áætlanir varðandi eineltismál og njóta samvinnu við Garðabæ um fræðslu og viðbrögð við þeim.

5. gr.


Upplýsingaskylda UMF Stjórnunnar

Aðalstjórn UMF Stjórnunnar ber ábyrgð á rekstri félagsins og skuldbindur sig til að leggja fram gögn um fjárhagsleg málefni félagsins hverju sinni sem eftir því er leitað að hálfu fulltrúa Garðabæjar.

Aðalstjórn UMF Stjórnunnar skal leggja fram rekstrar- starfs- og fjárhagsáætlun aðalstjórnar sem nær til allra deilda félagsins fyrir hvert starfsár eigi síðar en 1. nóvember vegna næstkomandi starfsárs. Í tillögunum skal leitast við að ná jafnvægi í rekstri meistaraflokka félagsins sem og í barna- og unglíngastarfinu.

Aðalstjórn UMF Stjórnunnar skal leggja fram árshlutauppgjör ársþriðjungslega og getur Garðabær einhliða ákveðið að stöðva greiðslur samkvæmt 2. gr. liggja uppgjör ekki fyrir innan 30 daga frá lokum ársþriðjungs. Í árshlutauppgjörum skulu koma fram upplýsingar um stöðu ársins, rekstaráætlun ársins og stöðu m.v. fyrra ár.

Upplýsingar um ráðstöfun framlaga Garðabæjar til einstakra deilda í samræmi við samþykkt aðalstjórnar, sbr. 4. gr. skulu ávallt liggja fyrir samhliða árshlutauppgjöri.



6. gr.

Rekstur knattspyrnuvalla

Samningsaðilar munu í sérstökum þjónustusamningi semja um að UMF Stjarnan annist rekstur æfinga og keppnisvalla við Ásgarð og Hofstaðamýri og vallarhúss og stúku við Ásgarð.

7. gr.


Endurskoðunarákvæði og gildistími

Samningur þessi skal gilda frá 01.01.2017 og gildir til 31.12.2018.

Samningsaðilar skulu á árinu 2018 endurskoða samning þennan með það að markmiði að nýr samningur taki gildi í upphafi árs 2019.


Garðabæ, 7. febrúar 2017

Fh. Garðabæjar


Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri



Fh. UMF Stjórnunnar


Sigurður Bjarnason,
formaður

Vóður

Björg Eriksdóttir

